

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Árnessýslu um húsaskatt á verzlunarstöðum.* — Í þóknanlegu brjefi 23. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, jafnframt því að geta þess, að virðingarmennirnir á verzlunarstaðnum Eyrarbakka hafi ekki talið í búðarhúsið, sem þar er, meðal þeirra húsa, sem virt eru þar til húsaskatts fyrir því, að kaupmaðurinn hafi bú á jörðinni Skúmsstöðum, en húsið stendur á lóð þeirrar jarðar, — gjört þá fyrirspurn, hvort nefnt hús sje undan þegið gjaldi, samkvæmt lögum frá 14. desember 1877 um húsaskatt.

3. jan.

Af þessu tilefni vil jeg hjer með þjónustusamlega vekja athygli yðar, herra sýslumaður, að því, að 1. gr. nefndra laga leggur með berum orðum tjeð gjald á *öllum* hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, svo framarlega sem þau eru fullra 500 kr. virði og að lögin leyfa enga undanþágu frá þessu, aðrar en þær, sem nefndar eru í 2. gr. Sú undanþága frá að greiða húsaskatt, sem lögin heimila þeim húsum, er ekki heyra til jörð, sem metin er til dýrleika, gildir þannig, eins og líka er skýrlega tekið fram í lögnum, einungis um þau hús, sem liggja fyrir utan lóð kaupstaðanna og verzlunarstaðanna.

Þar sem þjer, herra sýslumaður, hafið enn fremur spurt, hvort hús á verzlunarstað, sem eru bygd bæði af timbri, torfi og grjóti, sjeu gjaldskyld eptir hinum nefndu lögum, bæti jeg því hjer við, að efnið, sem húsið er byggt úr, hefir eptir ákvörðun laganna alls engin áhrif á gjaldskylduna, því hún er eins og áður er sagt, einungis komin undir því, að húsið sje virt 500 kr. eða þaðan af meira.

— *Brjef landshöfðingja til stiðtsýfirvaldanna um handbók presta.* — Þar eð það samkvæmt skýrslu stiðtsýfirvaldanna er nauðsynlegt, að prentað sje nýtt upplag af handbók presta, og með því að Einar prentari Þórðarson hefir boðizt til að kosta 200 expl. upplag af bók þessari, og selja hana innbundna fyrir 2 kr. 25 a. gegn því, að hann öðlist forlagsrjett að Balles lærdómsbók og Balslevs bíflíusögum, eins og bækur þessar nú eru, og selji þær með sama verði og þær hingað til hafa verið í, hefi jeg samkvæmt skýringum stiðtsýfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 17. f. m. fallizt á nefnt tilboð, þó með því skilyrði, að prentarinn einnig skuldbindi sig til að hafa lokið prentun handbókarrinnar um næstkomandi sumarmál.

2  
9. jan.

Þetta er hjer með tjáð stiðtsýfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari prentara Þórðarsyni.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um útbýtingu á stjórnartíðindum til hreppstjóra.* — Eptir að ráðgjafinn með brjefi frá 6. nóvbr. f. á., sem prentað er í stjórnartíðindum 1878 B 171, bls. 164 hefir samþykkt, að eitt expl. af B deild stjórnartíðindanna megi frá 1. janúar 1879 verða sent ókeypis hverjum hreppi landsins til afnota fyrir viðkomandi hreppstjóra gegn því, að hann sje skyldur til

3  
10. jan.

Hinn 1. febrúar 1879.